

## Uppúr skúffunum 2009



Samkeppnin Uppúr skúffunum var haldin í 11. sinn. Átján tillögur tillögur bárust, sem er met, og hlutu 3 þeirra viðurkenningar.

Burðarvaki Hafrúnar Hauksdóttur hlaut 1. verðlaunin. Hugmyndin er að þróa aðferð og tæknilega lausn sem gerir bændum kleift að fylgjast náið með meðgöngu og burði kúa. Afföll á kálfum er mikið vandamál, 15% kálfa á Íslandi fæðast andvana. Tæknin mun auðvelda allt eftirlit með kelfdum kúm og létta störf bænda og um leið draga úr afföllum í burði. Hér eru miklir hagsmunir í húfi.

Önnur verðlaun hlaut Skólapúlsinn, tillaga Almars M. Halldórssonar og Kristjáns K. Stefánssonar. Samkvæmt PISA könnunum er árangur nemenda í grunnskólum á Íslandi ekki í samræmi við hlutfallslegt fjármagn sem fer til námsins. Skólapúlsinn er tilraun til þess að þróa vísindalega aðferð til þess að fylgjast með öllum þáttum framvindu í námi grunnskólanemenda. Aðferðin er ætlað að meta skólastarf og gera það heilsteypara. Það ætti að leiða til betri nýtingu fjármuna sem til þess rennur.

Flæðigildra heitir hugmyndin er hreppti 3. verplaunin. Höfundar eru 4 verkfræðinemenfur við skólann, Stefán Hjalti Garðarsson, Darri Kristmundsson, Hagalín Á. Guðmundsson og Birkir Veigarsson. Kíttósan er framleitt úr rækjuskel. Rækjan berst frosin til vinnslunar, pökkuð í plastumbúðir. Það er vandamál að plasttrefjar úr umbúðunum geta borist inn í framleiðsluferlið og valdið mengun. Höfundar Flæðigildrunnar hönnuðu skilju sem sem hreinsar þessar trefjar úr hráefni vinnslunnar.

Páll Theódórsson eðlisfræðingur hlaut sérstök heiðursverðlaun Uppúr skúffunum 2009. Páll hefur í áratugi unnið í rannsóknum á mælingum á geislavirkni. Undanfarin ár hefur Páll þróað og betrubætt aldursmælingar með svokallaðri  $C^{14}$  geislakolsaðferð. Rannsóknirnar hafa auk þessa leitt til smíði nýs tækis til mælinga á geislavirkni, tæki sem er einfaldara að gerð og í meðförum en eldri tæki. Þá er ótalinn sá áhugi og aðstoð sem Páll hefur sýnt öllum sem sinnt hafa hagnýtingu rannsókna í raunvísindum við Háskóla Íslands í rúma hálfra öld.